

Kennsluáætlun 2025-2026

5.-7. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 3 klst.

Markmið

Að nemandi:

- geti skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.
- geti hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.
- geti fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra.
- geti lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- geti tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
- geti bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur.
- geti notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- geti tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
- geti undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.
- geti beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
- geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- geti skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- geti lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.
- geti sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum.
- geti sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
- geti brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- geti nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
- metið nám sitt skipulega og sett sér markmið um viðfangsefni eða hæfni.
- geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.

- Kennsluaðferðir/vinnulag:
- Bein kennsla
- Einstaklings- og hópavinna með skapandi viðfangsefni
- Umræður og spurningar

- Leiðsagnarnám og lausnaleitarnám
- Spil og leikir
- Hlutverkaleikir
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

Námsmat:

- Mat verður lagt á: Vinnubækur nemenda, verkefni og kannanir, samvinnu nemenda og samskipti, virkni, hegðun og framkomu í kennslustundum
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og málfræði)
- Leiðsagnarmat
- Símat
- Jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara
- Vinnubækur
- Munnlegar æfingar og hlustunaræfingar
- Bækur við hæfi á ensku: t.d. “The adventures of Huckleberry Finn”, “Charlotte and the chocolate factory”, “Matilda”, “Robert’s computer mystery” o.fl.
- Æfingar og efni frá ýmsum vefsíðum
- Námspil